

Mánudaginn 4. febrúar 1935.

Nr. 146/1934. **Réttvísinn** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Magnúsi Jónssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn 227., 228. gr. hegnl. og 259. gr., sbr. 46.
 og 53. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Skaptafellssýslu 15. maí 1934: Ákærður, Magnús Jónsson, sæti einföldu fangelsi í fjóra mánuði, svo greiði hann og allann kostnað sakarinnar, þar á meðal 50 króna málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Jóhanns Stefánssonar, hrm. innan 15 daga frá löglegri birtingu dóms þessa. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan fimm ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drygðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í júlímánuði 1933 var ákærði með bifreið sína í vinnu við vegagerð í Mýrdalnum undir stjórn Jóns Brynjólfssonar í Vik í Mýrdal. Þann 16. júlí s. á. fóru fram kosningar til alþingis, og var Gísli sýslumaður Sveinsson þá í kjöri fyrir kjördæmi Vestur-Skaptafellssýslu. Daginn eftir kjördaginn þann 17. júlí 1933, fór ákærði að afloknum vinnutíma með bifreið sína til lögboðinnar skoðunar til Vikur og kom ekki aftur fyr en að morgni þess 20. s. m. Fór ákærði þá fram á það, að verkstjórinn skrifaði hjá honum fullan vinnutíma fyrir þessa daga, en verkstjórinn vildi ekki verða við því. Varð þeim sundurorða út af þessu, og hafði þá ákærði mjög meiðandi ummæli um og við verkstjóránn og varð þetta til

Þess, að ákærði fór samdægurs úr vinnunni. Nokkru síðar, 7. ágúst s. á., kærði ákærði verkstjórann fyrir sýslumanni og krafðist refsingar á honum eftir 114. gr. hegningarlaganna fyrir það, að verkstjórinn hefði lagt hart að ákærða að kjósa Gísla sýslumann Sveinsson til alþingis og hótað honum ella, að hann yrði sviptur vinnunni. Og í bréfi til sýslumanns 17. s. m. kallar hann framkomu verkstjórans við sig „kosningakúgun“, og í erindi sínu til dómsmálaráðuneytisins 26. s. m. segist hann hafa kært yfir tilraun til mjög ósvífinnar kosningakúgunar, samfara misbeiting aðstöðu opinbers sýslunarmanns“, og er þar átt við verkstjórann, að því er virðist.

Það er ekkert framkomið í málinu, er bendi til þess, að verkstjórinn hafi haft nokkuð óleyfilegt eða refsivert í frammi í sambandi við áðurnefndar alþingiskosningar við ákærða eða aðra, enda hafa aðrir þeir menn, er þá unnu undir stjórn hans, fortekið, að hann hafi reynt að hafa áhrif á það á nokkurn hátt, hvern þeir kysu, og voru þó meðal verkamannanna engu síður menn, er andstæðir voru verkstjóranum í stjórnmalaskoðunum. Það verður því að telja ákærða hafa gerzt með kærumálum sínum á hendur verkstjóranum sekan um brot, er varðar við 227. gr. hegningarlaganna.

Í erindi sínu til dómsmálaráðuneytisins 26. ágúst 1933, því er lýst er í hinum áfrýjaða dómi, ber ákærði þungar sakargiftir á Gísla sýslumann Sveinsson og viðhefur svigurmæli til hans um misbeiting embættisvalds. Sakargiftir þessar og svigurmæli, sem alls ekki hafa við rök að styðjast, hlutu, ef þeim yrði sinnt, að leiða til opinberrar rannsóknar á hendur sýslumanninum, og hefir ákærði með þeim gerzt brotlegur við 228. gr. hegningarlaganna.

Það er loks sannað með eiðfestum vitnisburðum tveggja vitna og skýrslu áðurnefnds verkstjóra, að ákærði reyndi að fá verkstjóran til að skrifa hjá ákærða fullan vinnutíma fyrir þá 2 daga, er hann var frá vinnunni, eins og áður getur. Þetta hlýtur ákærði að hafa gert í því skyni að fá kaup fyrir þá daga, og varðar þessi tilraun hans við 259., sbr. 46. og 53. gr. hegningarlaganna.

Fyrir framantalin brot þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta. Svo ber og ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Rannsókn máls þessa lauk 27. nóv. 1933. Var sama dag gefin út stefna í því, og var það þingfest daginn eftir og 7. dez. s. á. var skipaður talsmaður eftir ósk ákærða, en dómur er ekki lagður á málið fyrr en 15. maí f. á. Með rannsókn málsins fór Arnljótur Jónsson cand. jur. sem settur sýslumaður í Skapta-fellssýslu í fjarvist hins reglulega dómara, Gísla sýslumanns Sveinssonar, er einnig hafði kært ákærða vegna ummælanna í áðurnefndu erindi hans til dómsmálaráðuneytisins 26. ág. 1933 með bréfi til lögregluréttar Skaptafellssýslu 12. okt. 1933. Þrátt fyrir þetta virðist sá skilningur hafa verið uppi, að hinn reglulegi dómari þyrfti eftir heimkomu sína að vikja úr dómarasæti með úrskurði, og var úrskurður hans í þá átt uppkveðinn 8. maí f. á. Virðist svo sem þessi skilningur á afstöðu hins reglulega dóm-

ara til málsins muni hafa orðið nokkru valdur um drátt á dómsuppsögn í því, og þykir því ekki næg ástæða til að víta dómarrann, áðurnefndan, Arnljót Jónsson fyrir dráttinn. Það athugast hinsvegar, að dómarrinn hefir ranglega sett 15 daga aðfararfrest til greiðslu málsvarnarlauna talsmanns ákærða í dóm sinn.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Jónsson, sæti 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skal vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu, útgefinni 27. nóv. f. á., höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Magnúsi Jónssyni, bifreiðarstjóra á Skagnesi í Mýrdal fyrir brot á 22. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, 227. gr. eða 226. gr., 228. gr. 1. mgr. og 26. kapitula 259. gr., sbr. 47. gr. og 53. gr. in fine.

Tildrög þessa máls eru þau, að 7. ágúst f. á. afhenti á-

kærður, Magnús Jónsson, kæruskjal til sýslumannsins í Skaptafellssýslu á hendur Jóni Brynjólfssyni, verkstjóra, um brot á 114. gr. hegningarlaganna. Í bréfi frá sýslumanni til ákærða, dags. 8. sama mánaðar, tjáir sýslumaður honum, að með því að ákærður hafi „nú tekið út stefnu í meiðyrðamáli á manninn, um sama atriði og kæran fjallar um“ þyki „rétt að sjá hvað þar upplýsist um þetta. áður en það“ sé „tekið fyrir á annan hátt“ og verði „kæra þessi því látin biða um sinn“.

Með bréfi ákærða til sýslumanns, dags. 17. s. m., afturkallar ákærði meiðyrðamálið og ítrekar kröfu sína um opinbera rannsókn og vísar til kæru sinnar frá 7. ágúst „út af kosningakúgun Jóns Brynjólfssonar verkstjóra“. Bréfi þessu fylgdi þá og vottorð tveggja manna um sakaratriði kærunnar. Hinn 19. ágúst var rannsókn hafin í kærumálinu af hinum reglulega dómara, sýslumanni Gísla Sveinsyni. Ákærði mætti þá þar sem vitni og óskaði þess, og bað það bókað, að dómariinn viki sæti í málinu, með þeim rökstuðningi m. a. „að sum afskipti dómarans af máli þessu séu á þá lund, að eigi megi ólíklegt telja að hann dragist beinlínis inn í málið þá er frekari rannsókn hefir farið fram“. Daginn eftir tekur sýslumaður útskrift af réttarrannsókninni og sendir dómsmálaráðuneytinu til úrlausnar um það „hvað það vildi vera láta í því efni“.

Í bréfi ákærða til dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. s. m., þar sem ákærði fer þess á leit, að skipaður verði setudómari í málið, kemst ákærður svo að orði, að „með því að afskrift sú, sem ætla má að sýslumaður hafi sent eða sendi ráðuneytinu . . . „gefi“ litlar eða engar upplýsingar um þær raunverulegu ástæður sem „liggi“ til þess, að áðurnefnd tilmæli eru fram komin, þá „komist hann“ ekki hjá því að gefa nokkrar nánari skýringar, „er hann“ á sínum tíma muni „staðfesta . . . fyrir rétti“.

Ennfremur segir: „Í máli þessu er kært yfir mjög ósvifinni tilraun til kosningakúgunar, samfara stórfelldri misbeiting á aðstöðu opinbers sýslunarmanns. Átti á þenna hátt að stuðla að kosningu Gísla Sveinssonar . . .“ „En hér við bætist að mörg afskipti Gísla Sveinssonar af þessu máli eru á þá lund, að eigi má ólíklegt telja, að hann muni beinlínis dragast inn í málið, í öllu falli sem vitni. Það er vitað, að sýslumaður er einskonar yfirmaður vega-

vinnu hér um slóðir, og er kærður að því leyti aðeins undirmaður hans, það er og á allra vitorði, að þessi afstaða hefir af þeim félögum báðum verið notuð mjög til pólitíks framdráttar Gísla Sveinssyni í sambandi við síðustu kosningar. Að sýslumaður þykist eiga nokkurra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál, má m. a. marka af því hversu mjög hann hefir gert sér far um að fá máli þessu stungið undir stól. Hefir hann sumpart með offorsi og hótunum og sumpart með auðmýkt og fögrum loforðum reynt að fá mig til þess að afturkalla kæruna, og verður hvortveggja sannað á sinum tíma. Margt fleira af þessu tagi bendir til grunsamlegrar afstöðu hans til þessa máls, og mun það væntanlega koma í ljós við óhlutdræga rannsókn málsins. En Gísla Sveinssyni má vera það ljóst, að engin vettlingatök verða þöluð í þessu máli. Þess er krafist, að málið verði rannsakað frá rótum, og þeir, sem samsekir kynnu að reynast, verði hlífðarlaust dregnir inn undir rannsóknina, og að það verði staðreynt hvort slíkum aðferðum hefir verið beitt víðar um sýsluna, og í hve ríku mæli. Sérstaklega krafðist ég þess í síðasta réttarhaldi, að rannsakað yrði, að hve miklu leyti frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins hefði hreinar hendur af meðvitund eða hlutdeild í athæfi því, sem hér um ræðir“ .

Við réttarrannsóknina út af umræddri sakamálskæru á hendur Jóni Brynjólfssyni kom það í ljós, að ákærður í máli þessu, Magnús Jónsson, hafi sjálfur komið með vottorð það tilbúið, er hann fékk þá Markús Jónsson og Hjört Jónsson til að undirrita, en þeir mættu síðar sem vitni í málinu, og gátu þeir ekki staðfest vottorðið nema með allverulegri breytingu. Hið sama upplýstist að þessu leyti um vottorð, er ákærður afhenti setudómaranum utanréttar og lagt var fram í málinu, undirritað af vitninu Þórði Stefánssyni. Ennfremur að ákærður bar það fyrir rétti 16. október, að Sigurjón Árnason hefði skýrt ákærðum frá því fyrir eða um mánaðamótin júlí—ágúst, að Jón Brynjólfsson hefði sagt við Sigurjón, „að hestur sá, sem Sigurjón ætti í vinnunni yrði látinn hætta þar í vinnunni ef Sigurjón yrði ekki fylgjandi eða kysi Gísla Sveinsson á kjördegi“, en nefndur Sigurjón, er mætti út af þessu, stefndur sem vitni í málinu, bar það og staðfesti með eiði, að það „væri með öllu tilhæfulaust“ að Jón Brynjólfsson hefði

haft slík orð við sig, og að það „væri með öllu tilhæfulaust og ósatt“ að vitnið hefði sagt það við ákærðan, Magnús, er hann hermdi upp á vitnið.

Ákærður upplýsti í réttarhaldi 13. október að hótanir þær, er hann í kæruskjalinu kveður Jón Brynjólfsson hafa haft við sig fyrir alþingiskosningarnar síðustu og tilgreinir þannig, að Jón hafi hótað að „setja sprengingu í atvinnu“ ákærða ef hann „kysi Lárus í Kirkjubæjarklaustri“, hafi farið fram 18. júní. Ennfremur upplýsti ákærður, að hann hefði ekki skilið orðin „setja sprengingu“ o. s. frv. þannig, að í þeim fælist hótun um offeldi, því hann hefði skilið þau svo, að með þeim væri átt við það, að svifta ákærða atvinnunni og taka annan eða aðra í staðinn.

Hinn 20. júlí f. á., er ákærði kom aftur með bíl sinn úr bílaskoðun í Vík, eftir tveggja daga fjarveru úr vinnunni, reyndi ákærði að koma því til leiðar við verkstjóra sinn, Jón Brynjólfsson, að hann greiddi ákærða kaup fyrir bílinn, sem verandi við vinnu við Klifandi fyrir þann tíma, sem bíllinn var í bílaskoðun í Vík, en verkstjórinn taldi sig ekki geta það, þar sem það væri vinnunni óviðkomandi. Er þetta sannað af staðfestum framburði vitnanna Markúsar Jónssonar og Hjartar Jónssonar. Þá er það og sannað af staðfestum framburði sömu vitna, að þau hafa í sama skipti heyrt verkstjórann segja við ákærðan sem svo, að þegar Jón nokkru fyrir kosningar hefði borgað ákærða 400 kr. fyrir vinnu hefði ákærði lofað að sitja heima um alþingiskosningarnar 16. júlí, en þetta hefði ákærði svikið. Af framburði sömu vitna, sem og framburði ákærða 13. okt., sést að ákærði hafði þá mótmælt þessu og sagt það ósannindi. Vitnið Hjörtur getur þess, að „sér hafi skilizt á orðum Jóns“, að ákærði „mundi hafa tekið svona til orða við Jón í þetta skipti, þegar Jón borgaði honum“. Jón Brynjólfsson hefir viðurkennt að hafa í glensi haft svipuð ummæli við ákærðan þennan dag, vegna þess, að ákærði hafði að fyrra bragði sagt við sig í umrætt skipti, er Jón borgaði honum, að „það væri nú það minnsta, sem hann gæti gert við kosningarnar að sitja heima“, en ákærði hafði ekki setið heima, og því hafi Jón sagt þetta við ákærða. Af staðfestum framburði sömu vitna, sem og vitnanna Þórðar Stefánssonar og Jóns Páls-

sonar, er það upplýst og sannað, að ákærðum og Jóni Brynjólfssyni var orðið sundurorða þegar Jón sagði þetta við ákærða, morguninn sem ákærði kom með bíl sinn úr bilaskoðuninni og vildi fá greitt kaup fyrir hann eins og áður getur, og að ákærður bar það þá upp á Jón Brynjólfsson, „að hann væri ærulaus lygari og þjófur og stæli af vinnutímanum þegar hann gæti“. Ennfremur hafa auk áðurnefndra fjöggra vitna, upplýst það og sannað með staðfestum framburði sínum, vitnin Jón Dagsson, verkstjóri og Sigurjón M. Skaftason, að Jón Brynjólfsson tjáði ákærðum, að hann gæti ekki skrifað tíma ákærða úr því hann segði sig stela af vinnutímanum. Með framburði vitnanna, sem og framburði ákærða fyrir rétti 13. okt., er það upplýst, að þetta var ástæðan til þess að ákærði fór úr vinnunni.

Ákærði höfðaði síðan meiðyrðamál gegn Jóni Brynjólfssyni, og kærði hann um leið fyrir kosningakúgun eftir 114. gr. hegningarlaganna. Virðist sýslumaðurinn, Gísli Sveinsson, hafa verið orðinn kunnugur málavöxtum þegar kæran kom fram 7. ágúst, og bera framburðir vitnanna, sýslumannsins og ákærða, það með sér að eigi hefir verið grundvöllur fyrir réttarrannsókn út af kæru ákærða á hendur Jóni Brynjólfssyni, og að sýslumaður hefir viljað koma ákærða í skilning um þetta og jafnvel greiða fyrir því, að hann gæti aftur tekið upp vinnu við vegagerðina.

Af framangreindu þykir það nægilega upplýst og sannað, að ákærði, Magnús Jónsson, hafi með áðurnefndri sakamálsákæru sinni á hendur Jóni Brynjólfssyni gerzt brotlegur við 227. gr. hegningarlaganna, og ennfremur, að í áðurnefndu bréfi ákærða til dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. ágúst f. á. felist tilhæfulaus og röng ákæra á sýslumanninn, Gísli Sveinsson, um misbeitingu embættisvalds hans og afbrot í embætti, og að ákærður hafi með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 1. mgr. 228. gr., sbr. 227. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar þykir ekki grundvöllur fyrir refsingu samkv. 259. gr., sbr. 47. gr. og 53. gr. in fine, né sýnt að ákærður hafi gerzt brotlegur við þær.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir hann ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt laga brot.

Í máli þessu hefir eigi komið fram nein skaðabótakrafa á hendur ákærða.

Refsing ákærða fyrir framangreind brot á 227. gr. og 1. mgr. 228. gr., sbr. 227. gr. hinna almennu hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin fjöggra mánaða einfalt fangelsi. En rétt þykir samkvæmt ákvæðum laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður, nema ákærður innan fimm ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu og sektir, svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns sem þykja hæfilega ákveðin 50 krónur.

Á máli þessu hefir orðið talsverður dráttur og stafar hann af annriki dómarsins, sem um langt skeið hefir verið önnur kafinn við umfangsmikla réttarrannsókn, og var auk þess um tíma síðastliðinn vetur fulltrúi lögmannsins í Reykjavík. Þá hefir og talsmaður ákærða fengið alllangan frest í málinu til samningar málsvarnar fyrir ákærða og verður að telja að hann hafi verið nauðsynlegur.

Föstudaginn 8. febrúar 1934.

Nr. 83/1934. **Halldór Þorsteinsson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Dánarbúi Einars Þorgilssonar

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur fyrir veiðarfæratjón.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðar 1. maí 1934: Stefndur, Einar Þorgilsson, eigandi og útgerðarmaður b/v. Garðars, G. K. 25 í Hafnarfirði, á að vera sýkn af kærnum og kröfum Halldórs Þorsteinssonar, Reykjavík, eiganda og útgerðarmanns togarans Max Pemberton, Reykjavík, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.